



**FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS**

VIÐHORF TIL ÞJÓNUSTU DAGFORELDRA Í

REYKJAVÍK:

KÖNNUN MEÐAL FORELDRA

Unnið fyrir Menntasvið Reykjavíkurborgar

Ella Björt Danielsdóttir Teague

Friðrik H. Jónsson

Júlí 2006

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	1
TÖFLUYFIRLIT	2
1. FRAMKVÆMD, HEIMTUR OG MARKTEKT	3
2. NIÐURSTÖÐUR	5
BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR UM SVARENDUR.....	5
VIÐHORF TIL ÞJÓNUSTU DAGFORELDRA Í REYKJAVÍK	7
BAKGRUNNSGREINING	15
3. VIÐAUKI	16

Töfluyfirlit

Tafla 1.1. Framkvæmd og heimtur.....	3
Tafla 1.2. Yfirlit yfir heimtur	3
Tafla 2.1. Kyn	5
Tafla 2.2. Aldur	5
Tafla 2.3. Menntun.....	5
Tafla 2.4. Hjúskaparstaða	6
Tafla 2.5. Fjöldi barna undir 17 ára aldri á heimili.....	6
Tafla 2.6. Hvað hefur barnið verið lengi hjá því dagforeldri sem það er hjá núna?.....	7
Tafla 2.7. Hefur barnið verið hjá öðru dagforeldri eða í leikskóla áður?	7
Tafla 2.8. Hvar fékkst þú upplýsingar um laust pláss hjá dagforeldri?.....	8
Tafla 2.9. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þjónustu dagforeldrisins?.....	8
Tafla 2.10. Getur þú nefnt eitthvað er varðar vistun barnsins þíns sem þú ert sérstaklega ánægð/ur með?	9
Tafla 2.11. Getur þú nefnt eitthvað er varðar vistun barnsins þíns sem þú ert sérstaklega óánægð/ur með?.....	10
Tafla 2.12. Þegar þú valdir þér dagforeldri, fannst þér þú hafa úr nógu mörgum að velja eða ekki úr nógu mörgum að velja?.....	10
Tafla 2.13. Er dagforeldrið staðsett í hverfinu sem þú býrð í, hverfinu sem þú starfar í eða í öðru hverfi?	11
Tafla 2.14. Hefðir þú frekar kosið að fá dagforeldri í hverfinu sem þú hefur búsetu?	11
Tafla 2.15. Hefðir þú heldur kosið að fá vistun fyrir barnið á leikskóla?.....	11
Tafla 2.16. Hvers vegna hefðir þú heldur kosið að fá vistun fyrir barnið á leikskóla?	12
Tafla 2.17. Hvers vegna hefðir þú ekki kosið að fá vistun fyrir barnið á leikskóla?	12
Tafla 2.18. Þegar þú gekkst frá samningi um vistun barnsins hjá dagforeldri, varstu upplýst/ur um greiðslu vegna fridaga/veikindadaga dagforeldris?	13
Tafla 2.19. Finnst þér eftirlit með störfum dagforeldra vera of mikið, hæfilegt eða of lítið?...	13
Tafla 2.20. Veist þú hvert á að leita vegna kvartana yfir þjónustu dagforeldra?.....	13
Tafla 2.21. Hefur þú einhvern tíma lagt fram kvörtun vegna þessarar þjónustu?	14
Tafla 2.22. Af hverju kvartaðir þú? ^a	14
Tafla 3.1. Hvað hefur barnið verið lengi hjá því dagforeldri sem það er hjá núna?.....	16
Tafla 3.2. Hefur barnið verið hjá öðru dagforeldri eða í leikskóla áður?	16
Tafla 3.3. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þjónustu dagforeldrisins?.....	17
Tafla 3.4. Þegar þú valdir þér dagforeldri, fannst þér þú hafa úr nógu mörgum að velja eða ekki úr nógu mörgum að velja?.....	17
Tafla 3.5. Er dagforeldrið staðsett í hverfinu sem þú býrð í, hverfinu sem þú starfar í eða í öðru hverfi?	18
Tafla 3.6. Hefðir þú frekar kosið að fá dagforeldri í hverfinu sem þú hefur búsetu?	18
Tafla 3.7. Hefðir þú heldur kosið að fá vistun fyrir barnið á leikskóla?	19
Tafla 3.8. Þegar þú gekkst frá samningi um vistun barnsins hjá dagforeldri, varstu upplýst/ur um greiðslu vegna fridaga/veikindadaga dagforeldris?	19
Tafla 3.9. Finnst þér eftirlit með störfum dagforeldra vera of mikið, hæfilegt eða of lítið?	20
Tafla 3.10. Veist þú hvert á að leita vegna kvartana vegna þjónustu dagforeldra?.....	20
Tafla 3.11. Hefur þú einhvern tíma lagt fram kvörtun vegna þessarar þjónustu?	21

1. Framkvæmd, heimtur og marktekt

Framkvæmd Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður símakönnunar sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir Menntasvið Reykjavíkurborgar. Könnunin var framkvæmd dagana 19. til 27. júní 2006 og náði til foreldra barna sem skráð voru hjá dagforeldri í Reykjavík. Leitast var eftir viðhorfum foreldra til þjónustu dagforeldra og þjónustu Reykjavíkurborgar.

Heimtur Hringt var í foreldra 657 barna sem skráð voru hjá dagforeldri í Reykjavík í maí 2006. Alls svöruðu 513 foreldrar og var talað við það foreldri sem svaraði í símann hverju sinni. Brúttósvarhlutfall er 78,1%, en nettósvarhlutfall er 79,4%, þ.e. svörun þegar búið er að draga þá frá sem tala ekki íslensku eða voru veikir. Alls neituðu 32 manns að taka þátt í könnuninni og ekki náðist í 101 manneskju (sjá töflur 1.1. og 1.2.).

Tafla 1.1. Framkvæmd og heimtur

Upplýsingasöfnun:	19. – 27. júní 2006
Fjöldi í þýði:	657
Aldursbil:	19 - 47 ára
Búseta:	Reykjavík
Framkvæmdamáti:	Símaviðtöl
Brúttósvörun:	78,1%
Nettósvörun:	79,4%

Tafla 1.2. Yfirlit yfir heimtur

	Fjöldi	Brúttó-hlutfall	Nettó-hlutfall
Fjöldi svara	513	78,1%	79,4%
Náðist ekki í	101	15,4%	15,6%
Neitar að svara	32	4,9%	5,0%
Tala ekki íslensku	6	0,9%	-
Veikir, geta ekki svarað	5	0,8%	-
<i>Alls</i>	<i>657</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Marktekt Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að kanna hvort að marktækur munur væri á afstöðu svarenda eftir bakgrunnspáttum. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að mark-

tækur munur sé á afstöðu miðað við 95% öryggismörk, þ.e. að einungis 5% líkur séu á því að tengsl komi fram séu engin tengsl til staðar í þýðinu. Tvær stjórnur merkja að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggismörk og þrjár stjórnur að munurinn sé marktækur miðað við 99,9% öryggismörk.

Uppbygging skýrslunnar Skýrslan skiptist í tvo meginkafla. Niðurstöðukaflinn skiptist í þrjá undirkafla. Fyrst eru birtar upplýsingar um bakgrunn þátttakenda, þ.e. kynjaskiptingu, aldur, menntun, hjúskaparstöðu og fjölda barna á heimili undir 17 ára aldri. Því næst eru birtar einfaldar tíðnitöflur og loks eru niðurstöður greindar eftir bakgrunnspáttum. Í viðauka má finna bakgrunnstöflur, það er niðurstöður greindar eftir bakgrunnspáttum.

2. Niðurstöður

Bakgrunnsupplýsingar um svarendur

Hér eru birtar bakgrunnsupplýsingar um svarendur, þ.e. upplýsingar um kynja-skiptingu, aldur, menntun, hjúskaparstöðu og fjölda barna undir 17 ára aldri á heimili (sjá töflur 2.1.-2.5.). Aldur svarenda var á bilinu 19 ára til 47 ára og var meðalaldur 31,2 ár. Fjöldi barna á heimili var frá einu barni upp í fimm börn en að meðaltali var 1,8 barn á hverju heimili. Upplýsingar um aldur, menntun og hjúskaparstöðu voru notaðar til þess að greina önnur svör viðmælenda. *Kyn: Sá sem svaraði

Tafla 2.1. Kyn¹

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Karl	119	23,2	23,2
Kona	394	76,8	76,8
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Tafla 2.2. Aldur

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
25 ára eða yngri	68	13,3	14,0
26-30 ára	160	31,2	32,9
31 árs og eldri	259	50,5	53,2
Upplýsingar vantar	26	5,1	-
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Tafla 2.3. Menntun

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Grunnskólanám/stutt starfsnám	99	19,3	19,4
Bóklegt/verklegt framhaldsnám/nám úr sérskólum	183	35,7	36,0
Háskólanám (3 ára eða lengra)	227	44,2	44,6
Neitar að svara	2	0,4	-
Veit ekki	2	0,4	-
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

¹ Líkt og kom fram í kafla um heimtur var talað við það foreldri sem svaraði í símann hverju sinni. Hærra hlutfall kvenkyns svarenda skýrist því ekki af því að mun fleiri konur hafi verið í úrtaki heldur af því að fleiri konur en karlar hafi verið viðlátar eða tilbúnar til að svara könnuninni.

Tafla 2.4. Hjúskaparstaða

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Gift(ur)/í staðfestri samvist	187	36,5	36,5
Í sambúð	214	41,7	41,8
Einhleyp(ur)/fráskilin(n)	111	21,6	21,7
Neitar að svara	1	0,2	-
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Tafla 2.5. Fjöldi barna undir 17 ára aldri á heimili

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Eitt barn	226	44,1	44,1
Tvö börn eða fleiri	287	55,9	55,9
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Viðhorf til þjónustu dagforeldra í Reykjavík

Byrjað var á að inna foreldra eftir því hve lengi barn þeirra hefði verið hjá því dagforeldri sem það er hjá núna. Tæplega tveir þriðju hlutar foreldra sögðu barn sitt hafa verið sjö mánuði eða lengur hjá dagforeldri en rúmur þriðjungur sagði barn sitt hafa verið skemur (sjá töflu 2.6.).

Tafla 2.6. Hvað hefur barnið verið lengi hjá því dagforeldri sem það er hjá núna?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
1-3 mánuði	91	17,7	17,8
4-6 mánuði	133	25,9	26,1
7-9 mánuði	98	19,1	19,2
10 mánuði eða lengur	188	36,6	36,9
Barnið er ekki hjá dagforeldri	1	0,2	-
Veit ekki	2	0,4	-
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Meirihluti sagði barn sitt ekki hafa verið hjá öðru dagforeldri eða í leikskóla áður en það fór til núverandi dagforeldris eða níu af hverjum tíu foreldrum (sjá töflu 2.7.).

Tafla 2.7. Hefur barnið verið hjá öðru dagforeldri eða í leikskóla áður?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	55	10,7	10,7
Nei	458	89,3	89,3
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Þegar spurt var hvar foreldrar hefðu fengið upplýsingar um laust pláss hjá dagforeldri sagði stærstur hluti þeirra, eða um fjórir af hverjum tíu, að einhver hefði mælt með dagforeldrinu (sjá töflu 2.8.). Heimasiða Menntasviðs virtist einnig töluvert notuð í þessum tilgangi en fimmtungur svarenda sagðist hafa fengið upplýsingarnar um pláss hjá dagforeldri á síðunni. Þá kvaðst rúmlega einn tíundi hafa leitað til einhverra af þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og heldur færri sögðust hafa þekkt dagforeldrið. Í töflu 2.8. má sjá aðrar upplýsingaveitur sem nefndar voru.

Tafla 2.8. Hvar fékkst þú upplýsingar um laust pláss hjá dagforeldri?^a

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall svarenda
Einhver mælti með dagforeldrinu	195	36,9	38,2
Á heimasíðu Menntasviðs	105	19,9	20,6
Hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar	67	12,7	13,1
Þekktu dagforeldrið	58	11,0	11,4
Auglýsing dagforeldris	42	8,0	8,2
Á netinu	34	6,4	6,7
Hvergi, þurfti að leita mikið sjálf/ur	23	4,4	4,5
Annað	4	0,8	0,8
<i>Alls</i>	<i>528</i>	<i>100%</i>	<i>104%</i>

^a Nefna mátti fleiri en eitt atriði og því fer hlutfall svarenda yfir 100%.

Þá voru foreldrar spurðir hve ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustu dagforeldrisins og sagðist meirihlutinn vera mjög ánægður með þjónustuna, eða tæpir tveir þriðju hlutar (sjá töflu 2.9.). Þá kvaðst fimmtungur frekar ánægður og tæplega einn af hverjum tuttugu sagðist frekar eða mjög óánægður.

Tafla 2.9. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þjónustu dagforeldrisins?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Mjög ánægð/ur	370	72,1	72,4
Frekar ánægð/ur	100	19,5	19,6
Hlutlaus	19	3,7	3,7
Frekar óánægð/ur	17	3,3	3,3
Mjög óánægð/ur	5	1,0	1,0
Veit ekki	2	0,4	-
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Svarendur voru því næst spurðir hvort þeir gætu nefnt eitthvað varðandi vistun barnsins sem þeir væru sérlega ánægðir með. Foreldrar nefndu fjölmörg ólík atriði en 29 manns gátu ekkert nefnt². Af þeim sem létu í ljósi ánægju með vistun barnsins sagðist stærstur hópur sérstaklega ánægður með einhverja persónulega eiginleika dagforeldrisins (52% svarenda; sjá töflu 2.10.). Fimmtungur nefndi að þeir væru ánægðir með aðstöðuna inni hjá dagforeldri og jafnmargir að þeir væru ánægðir með matinn sem barnið fengi. Þá taldi einn sjötti foreldra aðstöðuna úti hjá dagforeldri til fyrirmyndar (17%) og heldur færri nefndu aðlögun barnsins, það er að

² Þeir foreldrar sem sögðust ekki geta nefnt neitt sérstakt sem þær væru ánægðir með varðandi vistun barnsins eru ekki sýndir í töflu 2.10.

barnið væri ánægt hjá dagforeldri (15%). Í töflu 2.10. má sjá önnur svör sem nefnd voru.

Tafla 2.10. Getur þú nefnt eitthvað er varðar vistun barnsins þíns sem þú ert sérstaklega ánægð/ur með? ^a

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall svarenda
Persónulegir eiginleikar/reynsla dagforeldris	224	31,1	52,0
Aðstaðan úti	89	12,3	20,6
Maturinn	89	12,3	20,6
Aðstaðan inni	73	10,1	16,9
Aðlögun barnsins	66	9,2	15,3
Dagsskipulagið	36	5,0	8,4
Samskipti/upplýsingamiðlun	34	4,7	7,9
Ánægð/ur með allt	25	3,5	5,8
Staðsetning	15	2,1	3,5
Tvö dagforeldri sem sjá um börnin	12	1,7	2,8
Veikindafyrirkomulag/fridagar	10	1,4	2,3
Vistunartíminn	9	1,2	2,1
Annað	39	5,4	9,0
<i>Alls</i>	<i>721</i>	<i>100%</i>	<i>167%</i>

^a Hlutfall svarenda fer yfir 100% þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði.

Foreldrar voru einnig beðnir að greina frá því hvort þeir væru sérstaklega óánægðir með eitthvað varðandi vistun barnsins. Mörg ólík atriði voru týnd til. Stærstur hluti þeirra foreldra sem svaraði spurningunni, eða alls 139 manns, sagðist hins vegar ánægður með allt varðandi vistunina³. Af þeim sem höfðu yfir einhverju að kvarta sagðist einn sjöundi hluti óánægður með veikindafyrirkomulag og fridaga hjá dagforeldri, það er að börn væru send heim ef minnsti grunur væri um veikindi og engin úrræði væru fyrir barn ef dagforeldri væri veikt eða færi í frí. Þá taldi tæpur sjöundi hluti kostnað of háan, 13% sögðu vistunartíma ósveigjanlegan eða of stuttan og jafnmargir voru óánægðir með óundirbúin frí dagforeldris. Önnur atriði sem nefnd voru má sjá í töflu 2.11.

³ Þeir foreldrar sem sögðust ekki óánægðir með neitt í sambandi við vistun barnsins eru ekki sýndir í töflu 2.11.

Tafla 2.11. Getur þú nefnt eitthvað er varðar vistun barnsins þíns sem þú ert sérstaklega óánægð/ur með?^a

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall svarenda
Veikindafyrirkomulag/fridagar	32	11,2	14,0
Hár kostnaður	31	10,9	13,5
Vistunartíminn	29	10,2	12,7
Óundirbúin frí dagforeldris	29	10,2	12,7
Aðstaðan inni	21	7,4	9,2
Persónulegir eiginleikar dagforeldris	20	7,0	8,7
Útivera	19	6,7	8,3
Aðstaðan úti	18	6,3	7,9
Dagsskipulagið	18	6,3	7,9
Ekki hugsað nógu vel um barnið	18	6,3	7,9
Maturinn	12	4,2	5,2
Of mörg börn hjá dagforeldri	7	2,5	3,1
Staðsetning	7	2,5	3,1
Samskipti/upplýsingamiðlun	6	2,1	2,6
Aðlögun barnsins	3	1,1	1,3
Annað	15	5,3	6,6
<i>Alls</i>	<i>285</i>	<i>100%</i>	<i>124%</i>

^a Hlutfall svarenda fer yfir 100% þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði.

Flestir viðmælendur, eða um níu af hverjum tíu, töldu að ekki hafi verið úr nógu mörgum dagforeldrum að velja þegar þeir voru að leita að dagforeldri fyrir barn sitt (sjá töflu 2.12.).

Tafla 2.12. Þegar þú valdir þér dagforeldri, fannst þér þú hafa úr nógu mörgum að velja eða ekki úr nógu mörgum að velja?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Úr nógu mörgum að velja	58	11,3	12,9
Ekki úr nógu mörgum að velja	392	76,4	87,1
Neitar að svara	3	0,6	-
Veit ekki	60	11,7	-
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Rúmur helmingur foreldra sagði dagforeldrið sem sá um barn sitt staðsett í hverfinu þar sem það byggdi. Tíundi hluti sagði hins vegar dagforeldrið staðsett í hverfinu þar sem það starfaði og rúmur þriðjungur sagði það vera í einhverju öðru hverfi (sjá töflu 2.13.).

Tafla 2.13. Er dagforeldrið staðsett í hverfinu sem þú býrð í, hverfinu sem þú starfar í eða í öðru hverfi?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Í hverfinu sem ég bý í	269	52,4	52,5
Í hverfinu sem ég starfa í	51	9,9	10,0
Í öðru hverfi	192	37,4	37,5
Veit ekki	1	0,2	-
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Þeir foreldrar sem sögðu dagforeldri barns síns staðsett í öðru hverfi en sínu heima-hverfi voru spurðir hvort þeir hefðu heldur kosið að fá dagforeldri í sínu hverfi og játtu tveir þriðju hlutar því (sjá töflu 2.14.).

Tafla 2.14. Hefðir þú frekar kosið að fá dagforeldri í hverfinu sem þú hefur búsetu?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	160	31,2	67,5
Nei	77	15,0	32,5
Veit ekki	7	1,4	-
Á ekki við	269	52,4	-
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Þá voru allir svarendur spurðir hvort þeir hefðu heldur kosið vistun á leikskóla fyrir barn sitt. Ríflega helmingur viðmælenda sagðist frekar hafa kosið vistun á leikskóla ef þeir hefðu átt þess kost (sjá töflu 2.15.).

Tafla 2.15. Hefðir þú heldur kosið að fá vistun fyrir barnið á leikskóla?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	260	50,7	52,1
Nei	239	46,6	47,9
Neitar að svara	2	0,4	-
Veit ekki	12	2,3	-
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Þeir foreldrar sem sögðust frekar hafa viljað vista barn sitt á leikskóla voru beðnir um að greina frá ástæðu þessa. Um fjórir af hverjum tíu svarendum sögðu leikskólavistun öruggari en vistun hjá dagforeldri og jafnstór hópur taldi skipulagðara og vandaðra starf unnið á leikskólunum þar sem börnin væru örvuð meira (sjá töflu 2.16.). Fjórðungur sagði hins vegar ástæðuna liggja í kostnaði, vistun á leikskóla

væri kostnaðarminni. Aðrar ástæður sem foreldrar nefndu fyrir því að kjósa heldur leikskólavistun má sjá í töflu 2.16.

Tafla 2.16. Hvers vegna hefðir þú heldur kosið að fá vistun fyrir barnið á leikskóla?^a

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall svarenda
Öruggari vistun - engin óvænt fri/veikindi	96	28,2	37,4
Skipulagðara starf/barn örvað meira	96	28,2	37,4
Ódýrara	64	18,8	24,9
Fleira starfsfólk/menntaðra starfsfólk	18	5,3	7,0
Barn þyrfti ekki að skipta um vistun	11	3,2	4,3
Á/átti annað barn í leikskóla	11	3,2	4,3
Barn orðið nógu gamalt til að vera í leikskóla	10	2,9	3,9
Þægilegra/betra fyrir barn	8	2,3	3,1
Betri staðsetning	7	2,1	2,7
Meiri útivera	4	1,2	1,6
Lengri vistunartími á daginn	2	0,6	0,8
Annað	14	4,1	5,4
<i>Alls</i>	<i>341</i>	<i>100%</i>	<i>133%</i>

^a Hlutfall svarenda fer yfir 100% þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði.

Þeir sem sögðust ekki hafa kosið frekar að fá vistun á leikskóla fyrir barn sitt voru beðnir um að skýra hvers vegna svo væri. Meirihluti aðspurðra, eða rúmlega 80%, sagði barnið of ungt til að vera á leikskóla (sjá töflu 2.2.12.). Einn af hverjum átta svarendum sagðist hins vegar frekar kjósa dagforeldri en leikskólavistun þar sem færri börn væru hjá dagforeldrum en á leikskólunum og þau fengju því meiri athygli. Aðrar ástæður sem nefndar voru má sjá í töflu 2.17.

Tafla 2.17. Hvers vegna hefðir þú ekki kosið að fá vistun fyrir barnið á leikskóla?^a

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall svarenda
Barnið of ungt	191	72,1	81,3
Færri börn hjá dagforeldri - börn fá meiri athygli	31	11,7	13,2
Ánægð/ur með dagforeldrið	11	4,2	4,7
Alltaf sama manneskjan sem hugsar um barnið	8	3,0	3,4
Vildi frekar dagforeldri	8	3,0	3,4
Persónulegra/heimilislegra	7	2,6	3,0
Annað	9	3,4	3,8
<i>Alls</i>	<i>265</i>	<i>100%</i>	<i>113%</i>

^a Hlutfall svarenda fer yfir 100% þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði.

Um sex af hverjum tíu foreldrum sögðust hafa verið upplýstir um greiðslu vegna frídaga og veikindadaga dagforeldris þegar gengið var frá samningi um vistun barnsins (sjá töflu 2.18.).

Tafla 2.18. Þegar þú gekkst frá samningi um vistun barnsins hjá dagforeldri, varstu upplýst/ur um greiðslu vegna frídaga/veikindadaga dagforeldris?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	275	53,6	56,7
Nei	210	40,9	43,3
Neitar að svara	1	0,2	-
Veit ekki	27	5,3	-
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Svarendur voru einnig spurðir hvað þeim fyndist um fyrirkomulag á eftirliti með störfum dagforeldra. Stærstur hluti taldi eftirlit með störfum þeirra hæfilegt, eða sex af hverjum tíu (sjá töflu 2.19.). Rúmlega þriðjungur taldi eftirlit hins vegar of lítið og einungis örfáir töldu of mikið eftirlit haft með dagforeldrum.

Tafla 2.19. Finnst þér eftirlit með störfum dagforeldra vera of mikið, hæfilegt eða of lítið?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Of mikið	4	0,8	1,4
Hæfilegt	173	33,7	60,5
Of lítið	109	21,2	38,1
Neitar að svara	5	1,0	-
Veit ekki	222	43,3	-
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Þá voru foreldrar spurðir hvort þeir vissu hvert ætti að leita til þess að kvarta yfir þjónustu dagforeldra og svöruðu um sex af hverjum tíu því játandi (sjá töflu 2.20.).

Tafla 2.20. Veist þú hvert á að leita vegna kvartana yfir þjónustu dagforeldra?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	284	55,4	57,6
Nei	209	40,7	42,4
Veit ekki	20	3,9	-
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Að lokum voru svarendur spurðir hvort þeir hefðu einhvern tíma lagt fram kvörtun vegna þjónustu dagforeldris. Einn af hverjum tuttugu sagðist hafa kvartað undan þjónustu dagforeldris einhvern tíma (sjá töflu 2.21.).

Tafla 2.21. Hefur þú einhvern tíma lagt fram kvörtun vegna þessarar þjónustu?

	Fjöldi	Hlutfall	Hlutfall sem svarar
Já	28	5,5	5,5
Nei	483	94,2	94,5
Veit ekki	2	0,4	-
<i>Alls</i>	<i>513</i>	<i>100%</i>	<i>100%</i>

Þeir sem sögðust hafa kvartað undan þjónustunni voru spurðir um ástæðu kvörtunarinnar. Stærstur hluti, eða þriðjungur, kvaðst hafa kvartað undan aðstöðu á heimili dagforeldrisins og fjórðungur hafði kvartað undan því að ekki væri hugsað nógu vel um börnin (sjá töflu 2.22.). Önnur umkvörtunarefni foreldra má sjá í töflu 2.22.

Tafla 2.22. Af hverju kvartaðir þú?^a

	Fjöldi	Hlutfall svara	Hlutfall svarenda
Aðstöðu/aðstæðum á heimilinu	9	27,3	32,1
Ekki væri hugsað nógu vel um börnin	7	21,2	25,0
Óundirbúnum fríum dagforeldris	5	15,2	17,9
Háu gjaldi	4	12,1	14,3
Skorti á dagforeldrum í Reykjavíkurborg	3	9,1	10,7
Of mörgum börnum hjá dagforeldri	2	6,1	7,1
Annað	3	9,1	10,7
<i>Alls</i>	<i>33</i>	<i>100%</i>	<i>118%</i>

^a Hlutfall svarenda fer yfir 100% þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði.

Bakgrunnsgreining

Niðurstöður voru greindar eftir aldri, menntun og búsetu svarenda þar sem því var komið við⁴. Greining eftir kyni og fjölda barna á heimili var ekki sett fram þar sem hvergi kom fram munur á svörum eftir þessum þáttum. Einungis er fjallað um niðurstöður þar sem marktækur munur á milli hópa kom fram. Bakgrunnstöflur sem vísað er til má finna í viðauka á bls. 16-21.

Aldur Hlutfallslega fleiri foreldrar á aldrinum 25 ára og yngri en eldri foreldrar sögðu barn sitt hafa verið hjá öðru dagforeldri eða í leikskóla áður en vistun hjá núverandi dagforeldri hófst. Þá voru hlutfallslega fleiri foreldrar í þessum aldurshópi en eldri foreldrar mjög ánægðir með þjónustu dagforeldrisins.

Menntun Munur kom fram á lengd vistunartíma barna eftir menntun foreldra þeirra. Börn foreldra sem lokið höfðu grunn- eða stuttu starfsnámi höfðu að jafnaði verið vistuð í styttri tíma hjá núverandi dagforeldri en börn foreldra sem höfðu lengri menntun að baki. Einnig sást munur á því hvort barnið hefði verið hjá öðru dagforeldri eða í leikskóla áður eftir menntun foreldra. Hlutfallslega fleiri börn foreldra sem lokið höfðu bóklegu eða verklegu framhaldsskólanámi eða námi úr sérskólum höfðu verið hjá öðru dagforeldri eða leikskóla áður en vistun hjá núverandi dagforeldri hófst.

Hjúskaparstaða Munur kom fram á löngun foreldra til þess að fá leikskólapláss fyrir barn sitt í stað vistunar hjá dagforeldri. Hlutfallslega fleiri þeirra foreldra sem bjuggu einir en þeir sem voru giftir eða í sambúð sögðust frekar hafa kosið að fá vistun fyrir barn sitt á leikskóla hefði það átt þess kost.

⁴ Spurningar þar sem svarendur máttu nefna fleiri en eitt atriði í svörum sínum voru ekki greindar eftir bakgrunni.

3. Viðauki

Tafla 3.1. Hvað hefur barnið verið lengi hjá því dagforeldri sem það er hjá núna?

	1-6 mánuði %	7 mánuði eða lengur %	Alls	Fjöldi
<i>Aldur</i>				
25 ára eða yngri	43	57	100%	68
26-30 ára	43	57	100%	159
31 árs og eldri	45	55	100%	257
<i>Menntun*</i>				
Grunnskólanám/stutt starfsnám	56	44	100%	99
Bókl/verkl framhaldsnám/sérskólar	38	62	100%	180
Háskólanám	43	57	100%	227
<i>Hjúskaparstaða</i>				
Gift(ur)/í staðfestri samvist	41	59	100%	187
Í sambúð	45	55	100%	211
Einhleyp(ur)/fráskilin(n)/ekkjja/ekkill	46	54	100%	111

Tafla 3.2. Hefur barnið verið hjá öðru dagforeldri eða í leikskóla áður?

	Já %	Nei %	Alls	Fjöldi
<i>Aldur*</i>				
25 ára eða yngri	19	81	100%	68
26-30 ára	7	93	100%	160
31 árs og eldri	12	88	100%	259
<i>Menntun*</i>				
Grunnskólanám/stutt starfsnám	10	90	100%	99
Bókl/verkl framhaldsnám/sérskólar	13	87	100%	183
Háskólanám	9	91	100%	227
<i>Hjúskaparstaða</i>				
Gift(ur)/í staðfestri samvist	9	91	100%	187
Í sambúð	11	89	100%	214
Einhleyp(ur)/fráskilin(n)/ekkjja/ekkill	14	86	100%	111

Tafla 3.3. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með þjónustu dagforeldrisins?

	Mjög ánægð /ur %	Frekar ánægð /ur %	Hlutlaus %	Frekar/mjög óánægð /ur %	Alls	Fjöldi
<i>Aldur*</i>						
25 ára eða yngri	81	7	6	6	100%	68
26-30 ára	73	19	3	6	100%	160
31 árs og eldri	70	24	4	3	100%	257
<i>Menntun</i>						
Grunnskólanám/stutt starfsnám	74	13	5	8	100%	99
Bókl/verkl framhaldsnám/sérskólar	70	20	6	4	100%	182
Háskólanám	74	22	1	3	100%	226
<i>Hjúskaparstaða</i>						
Gift(ur)/í staðfestri samvist	72	20	4	4	100%	186
Í sambúð	73	20	3	3	100%	213
Einhleyp(ur)/fráskilin(n)/ekkjja/ekkill	72	17	5	6	100%	111

Tafla 3.4. Þegar þú valdir þér dagforeldri, fannst þér þú hafa úr nógu mörgum að velja eða ekki úr nógu mörgum að velja?

	Úr nógu mörgum að velja %	Ekki úr nógu mörgum að velja %	Alls	Fjöldi
<i>Aldur</i>				
25 ára eða yngri	10	90	100%	61
26-30 ára	16	84	100%	140
31 árs og eldri	12	88	100%	225
<i>Menntun</i>				
Grunnskólanám/stutt starfsnám	10	90	100%	87
Bókl/verkl framhaldsnám/sérskólar	12	88	100%	166
Háskólanám	15	85	100%	193
<i>Hjúskaparstaða</i>				
Gift(ur)/í staðfestri samvist	11	89	100%	159
Í sambúð	15	85	100%	193
Einhleyp(ur)/fráskilin(n)/ekkjja/ekkill	12	88	100%	97

Tafla 3.5. Er dagforeldrið staðsett í hverfinu sem þú býrð í, hverfinu sem þú starfar í eða í öðru hverfi?

	Í hverfinu sem ég bý í %	Í hverfinu sem ég starfa í %	Í öðru hverfi %	Alls	Fjöldi
<i>Aldur</i>					
25 ára eða yngri	51	13	35	100%	68
26-30 ára	56	5	39	100%	160
31 árs og eldri	50	12	38	100%	258
<i>Menntun</i>					
Grunnskólanám/stutt starfsnám	51	9	40	100%	99
Bókl/verkl framhaldsnám/sérskólar	51	12	37	100%	182
Háskólanám	54	9	37	100%	227
<i>Hjúskaparstaða</i>					
Gift(ur)/í staðfestri samvist	56	8	36	100%	186
Í sambúð	49	12	39	100%	213
Einhleyp(ur)/fráskilin(n)/ekkjja/ekkill	54	9	37	100%	111

Tafla 3.6. Hefðir þú frekar kosið að fá dagforeldri í hverfinu sem þú hefur búsetu?

	Já %	Nei %	Alls	Fjöldi
<i>Aldur</i>				
25 ára eða yngri	63	38	100%	32
26-30 ára	63	38	100%	72
31 árs og eldri	72	28	100%	123
<i>Menntun</i>				
Grunnskólanám/stutt starfsnám	68	32	100%	50
Bókl/verkl framhaldsnám/sérskólar	65	35	100%	86
Háskólanám	70	30	100%	100
<i>Hjúskaparstaða</i>				
Gift(ur)/í staðfestri samvist	75	25	100%	80
Í sambúð	62	38	100%	106
Einhleyp(ur)/fráskilin(n)/ekkjja/ekkill	67	33	100%	51

Tafla 3.7. Hefðir þú heldur kosið að fá vistun fyrir barnið á leikskóla?

	Já %	Nei %	Alls	Fjöldi
<i>Aldur</i>				
25 ára eða yngri	63	37	100%	67
26-30 ára	54	46	100%	155
31 árs og eldri	48	52	100%	252
<i>Menntun</i>				
Grunnskólanám/stutt starfsnám	53	47	100%	93
Bókl/verkl framhaldsnám/sérskólar	57	43	100%	180
Háskólanám	48	52	100%	222
<i>Hjúskaparstaða*</i>				
Gift(ur)/í staðfestri samvist	52	48	100%	182
Í sambúð	47	53	100%	208
Einhleyp(ur)/fráskilin(n)/ekkjja/ekkill	63	37	100%	108

Tafla 3.8. Þegar þú gekkst frá samningi um vistun barnsins hjá dagforeldri, varstu upplýst/ur um greiðslu vegna frídaga/veikindadaga dagforeldris?

	Já %	Nei %	Alls	Fjöldi
<i>Aldur</i>				
25 ára eða yngri	52	48	100%	67
26-30 ára	56	44	100%	153
31 árs og eldri	57	43	100%	242
<i>Menntun</i>				
Grunnskólanám/stutt starfsnám	54	46	100%	96
Bókl/verkl framhaldsnám/sérskólar	60	40	100%	167
Háskólanám	56	44	100%	218
<i>Hjúskaparstaða</i>				
Gift(ur)/í staðfestri samvist	57	43	100%	173
Í sambúð	59	41	100%	202
Einhleyp(ur)/fráskilin(n)/ekkjja/ekkill	53	47	100%	109

Tafla 3.9. Finnst þér eftirlit með störfum dagforeldra vera of mikið, hæfilegt eða of lítið?

	Of mikið %	Of lítið %	Hæfilegt %	Alls	Fjöldi
<i>Aldur</i>					
25 ára eða yngri	3	73	25	100%	40
26-30 ára	1	61	38	100%	94
31 árs og eldri	1	57	42	100%	136
<i>Menntun</i>					
Grunnskólanám/stutt starfsnám	0	67	33	100%	61
Bókl/verkl framhaldsnám/sérskólar	3	56	41	100%	107
Háskólanám	1	61	38	100%	118
<i>Hjúskaparstaða</i>					
Gift(ur)/í staðfestri samvist	2	57	41	100%	186
Í sambúð	2	60	38	100%	213
Einhleyp(ur)/fráskilin(n)/ekkjja/ekkill	0	66	34	100%	111

Tafla 3.10. Veist þú hvert á að leita vegna kvartana vegna þjónustu dagforeldra?

	Já %	Nei %	Alls	Fjöldi
<i>Aldur</i>				
25 ára eða yngri	47	53	100%	64
26-30 ára	58	42	100%	156
31 árs og eldri	59	41	100%	250
<i>Menntun</i>				
Grunnskólanám/stutt starfsnám	51	49	100%	94
Bókl/verkl framhaldsnám/sérskólar	56	44	100%	174
Háskólanám	61	39	100%	222
<i>Hjúskaparstaða</i>				
Gift(ur)/í staðfestri samvist	61	39	100%	180
Í sambúð	59	41	100%	208
Einhleyp(ur)/fráskilin(n)/ekkjja/ekkill	49	51	100%	104

Tafla 3.11. Hefur þú einhvern tíma lagt fram kvörtun vegna þessarar þjónustu?

	Já %	Nei %	Alls	Fjöldi
<i>Aldur</i>				
25 ára eða yngri	1	99	100%	67
26-30 ára	6	94	100%	160
31 árs og eldri	7	93	100%	259
<i>Menntun</i>				
Grunnskólanám/stutt starfsnám	6	94	100%	98
Bókl/verkl framhaldsnám/sérskólar	5	95	100%	183
Háskólanám	6	94	100%	227
<i>Hjúskaparstaða</i>				
Gift(ur)/í staðfestri samvist	6	94	100%	186
Í sambúð	6	94	100%	213
Einhleyp(ur)/fráskilin(n)/ekkjja/ekkill	3	97	100%	111